

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi 1. áfanga Kapelluhrauns vegna Gullhellu 2 og Tinhellu 2, 4, 6, 8, 10 og 12.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 10. júní 2024 breyting á deiliskipulagi 1. áfanga Kapelluhrauns, vegna Gullhellu 2 og Tinhellu 2, 4, 6, 8, 10 og 12.

Lýsing á breytingunni: Byggingarreitir allra lóða eru stækkaðir, bundin byggingarlína er felld út á öllum lóðum nema Tinhellu 2 og 4. Lóðirnar við Tinhellu 2 og 4 hafa tvær innkeyrslur, ein fyrir hvora lóð. Við Gullhellu 2 er bætt við einni innkeyrslu að vestan og innkeyrsla að austan færð lítillega til norðurs. Fornleifar hafa verið skráðar á lóðinni nr. 2 við Gullhellu. Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga. Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 11. júní 2024.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Anne Steinbrenner verkefnastjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 26. júní 2024